



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 18. mars 2019
Tilv.: FRN19010972/10.20.03

Á fundi ríkisstjórnarinnar, 12. október sl., var samþykkt að bjóða allt að 75 einstaklingum, sem hafa stöðu flóttafólks samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, til Íslands á árinu 2019. Ákveðið hefur verið að taka annars vegar á móti hinsegin flóttafólki sem er staðsett í Kenía og hins vegar sýrlensku fólki sem er staðsett í Líbanon.

Undirbúningur vegna viðtala við hópinn er hafinn í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og mun hópurinn fá fræðslu um íslenskt samfélag áður en hann kemur til landsins. Nánari tímasetning á komu hópsins til landsins verður ákveðin í samráði við Flóttamannastofnunina og móttökusveitarfélag en vænta má hópsins á vormánuðum.

Er þess hér með góðfúslega farið á leit við bæjarstjórn Garðabæjar að sveitarfélagið taki á móti hinsegin flóttafólki, um 10 einstaklingum, á árinu 2019. Í móttöku felst meðal annars að útvega fólkinu húsnæði til leigu og veita því nauðsynlega þjónustu og aðstoð í eitt ár frá komu þess til landsins. Gerður yrði samningur milli félagsmálaráðuneytisins og sveitarfélagsins þar að lútandi.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra


Ingibjörg Broddadóttir


Linda Rós Alfreðsdóttir